



Forstjórar og lækningaforstjórar:
Landspítala
Heilbrigðisstofnunar Vesturlands
Heilbrigðisstofnunar Norðurlands
Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu

Sjúkrahússins á Akureyri
Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða
Heilbrigðisstofnunar Austurlands
Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Kópavogi, 15. júní 2022.

Efni: Sjúkraskrár, læknaþréf og vottorð s.s. um sjúkrahúslegu á öðru tungumáli en íslensku.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) hefur verið tjáð að í vaxandi mæli séu sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir að gera þær kröfur til lækna að þeir færi á ensku sjúkraskrár útlendinga, sem leita lækniþjónustu á viðkomandi stofnanir og að læknaþréf og vottorð s.s. um sjúkrahúslegu þessa sjúklingahóps skuli rita á ensku. Þessi krafa virðist einkum gerð í þágu erlendra ferðamanna, sem leita heilbrigðisþjónustu hér á landi, m.a. ferðamönnum sem hingað koma á skemmtiferðaskipum.

Vegna þessa vill stjórn LÍ koma eftirfarandi á framfæri við forstjóra og lækningaforstjóra Landspítala, Sjúkrahússins á Akureyri og heilbrigðisstofnana landsins:

Í 5. mgr. 5. gr. laga um sjúkraskrár nr. 50/2009 segir:

Færslu sjúkraskrárupplýsinga skal haga þannig að þær séu aðgengilegar og að ritað mál sé skýrt og skiljanlegt.

Í skýringum með frumvarpi því sem varð að lögum um sjúkraskrár segir um þetta ákvæði:

Í 5. mgr. kemur fram að haga skuli færslu sjúkraskrárupplýsinga þannig að þær séu aðgengilegar og að ritað mál sé skýrt og skiljanlegt. Sambærilegt ákvæði er í núgildandi reglugerð um sjúkraskrár en þar er þó jafnframt áskilnaður um að sjúkraskrár séu ávallt færðar á íslensku. Rétt þykir að falla frá þessu skilyrði nú **enda getur það reynst óframkvæmanlegt í þeim tilvikum þar sem erlendir læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem hér starfa færa sjúkraskrá eins og þeim er skylt að gera**, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Ávallt verður þó að gera þá kröfu að sjúkraskrárupplýsingar séu skiljanlegar þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem koma að meðferð sjúklings enda getur sjúkraskrá ekki þjónað þeim megintilgangi sínum að vera vinnutæki við veitingu meðferðar nema svo sé. Þá er sú krafa jafnframt gerð að sjúkraskrá sé þannig færð að sjúklingur geti skilið hana eftir atvikum með aðstoð heilbrigðisstarfsmanna á sama sviði og þeir heilbrigðisstarfsmenn sem veittu meðferðina. Þá þurfa upplýsingar sem færðar eru í sjúkraskrá að vera aðgengilegar eigi þær að geta þjónað hlutverki sínu. (Leturbreytingar LÍ.)

Augljóst er því að íslenskuskilyrðið var eingöngu fellt niður í þeim tilvikum þegar læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn eru ekki íslenskir.

Í 5. mgr. 22. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 er fjallað um læknaþréf. Þar segir eingöngu:

Læknaþréf og vottorð vegna veikinda, slysa, sjúkrahúslegu og þess háttar skulu afgreidd án ástæðulauss dráttar.

Hvergi er vikið að því á hvaða tungumáli þessi gögn skuli vera, sem þýðir að mati LÍ að þau skuli vera á íslensku.

Þá niðurstöðu styðja ákvæði í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011. Þar segir í 1. gr.:

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.

Í 8. gr. sömu laga segir:

Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannáþjónustu.

Stjórn LÍ telur og vísar til framangreindra lagaákvæða, ekki síst ákvæða laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, að stjórnendum heilbrigðisstofnana sé beinlínis óheimilt að krefjast þess af íslenskum læknum að þeir færi sjúkraskrá á öðru tungumáli en íslensku eða riti læknabréf eða önnur vottorð t.d. vegna sjúkráhúslegu á öðru tungumáli en íslensku. Hvorutveggja beri að rita á íslensku. Ferðamenn verði síðan sjálfir að afla sér þýðinga á þessum gögnum yfir á hvert það tungumál sem þeim hentar best.

Þessi afstaða stjórnar LÍ tilkynnist hér með forstjórum og lækningaforstjórum sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,



Steinunn Þórðardóttir, formaður.

Afrit:

Heilbrigðisráðherra.

Embætti landlæknis.